LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA

Utanríkisráðuneytið
Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála
Rauðarárstígur 25,
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí, 2021

Efni: Mótun skuldbindinga íslenskra stjórnvalda í tengslum við þátttöku í átaksverkefni UN Women, Kynslóð jafnréttis (e. Generation Equality Forum).

Stjórn Landssambands ungmennafélaga (LUF) þakkar stýrihópnum fyrir að senda félaginu ofangreint mál til umsagnar. Alþjóðanefnd LUF tók málið fyrir á fundi sínum þann 20. apríl sl. Nefndin telur nauðsynlegt að skuldbindingar íslenskra stjórnvalda vegna þátttöku í átaksverkefni UN Women, Kynslóð jafnréttis, taki mið af sjónarhornum ungs fólks. Í samræmi við þátttöku í stýrihópi utanríkis- og forsætisráðuneytisins og á samráðsfundi þann 26. apríl er hér með lagt til að eftirfarandi atriði verði höfð að leiðarljósi við mótun skuldbindinga íslenskra stjórnvalda.

Forysta og ábyrgð

Brýnt er að ungu fólki sé gert kleift að taka aukinn þátt fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum vettvangi, til að mynda með auknu samráði og ráðgjafahlutverki ungmennafulltrúum Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum (SÞ). Tryggja þarf fjármagn til þess að fleiri ungmennafulltrúar geti tekið þátt á viðburðum á vegum SÞ. Mörg ríki hafa fulltrúa á flestum viðburðum SÞ og hafa jafnframt sum þeirra marga fulltrúa á þeim stærstu. Í febrúar 2020 hófst formlegt samstarf milli LUF og utanríkisráðuneytisins með samstarfssamningi til næstu þriggja ára. Mikilvægt er að endurnýja samninginn að honum loknum í ljósi þess að samstarfið felur meðal annars í sér markmið um að auka þátttöku íslenskra ungmenna á vettvangi SÞ.

Öryggisráð SÞ hefur gefið út tvær ályktanir[1] sem leggja áherslu á að tryggja aðkomu ungs fólks að öllum samningaviðræðum og útfærslum á friðarsamningum. Þrátt fyrir að ungt fólk og þá sérstaklega ungar konur gegni lykilhlutverki er viðkemur viðhaldi friðar og öryggis, eru hlutverk þeirra og frumkvæði oft ekki viðurkennd né fjármögnuð. Alþjóðanefnd LUF kallar því eftir að næsta landsáætlun um konur, frið og öryggi (e. women, peace and security) sem tekur við þegar núverandi stefna rennur úr gildi verði unnin í samráði við félagasamtök og hreyfingar sem eru leidd af ungu fólki og konum. Auk þess verði sérstök áhersla lögð á stöðu,

[1] Sjá ályktanir öryggisráðs SÞ: UNSCR 2250: https://www.un.org/press/en/2015/sc12149.doc.htm og UNSCR 2419: https://www.un.org/press/en/2018/sc13368.doc.htm
Sjá stefnu Sameinuðu Þjóðanna um ungt fólk til 2030:
https://www.un.org/youthenvoy/wp-content/uploads/2018/09/18-00080_UN-Youth-Strategy_Web.pdf

LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA / THE ICELANDIC YOUTH COUNCIL
RAFSTÖÐVARVEGUR 7, 110 REYKJAVÍK
SÍMI / PHONE: (+354) 561 1100
NETFANG / EMAIL: youth@youth.is

hlutverk og þarfir ungra kvenna og ungs fólks í landsáætluninni. Ályktun Allsherjarþings SÞ[2] frá 1996 hvetur aðildarþjóðir jafnframt til þess að virkja þátttöku ungs fólks á öllum ákvarðanastigum, sem samræmist ákalli LUF eftir heildrænni ungmennastefnu (e. national youth policy), en samkvæmt nýrri rannsókn LUF á ungmennageiranum[3] uppfyllir Ísland ekki þau skilyrði. Einnig er því brýnt að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar við SÞ og skapi heildræna ungmennastefnu á Íslandi. Nú er litið á Ísland sem forystuþjóð þegar kemur að kvenréttindum og því er mikilvægt að Ísland sýni einnig ábyrgð og forystu þegar kemur að málefnum ungs fólks og kvenna.

Lög og stefnumótun

Ísland er fremst á sviði jafnréttismála á alþjóðavettvangi og því er eðlilegt að utanríkisþjónusta Íslands hafi kynjajafnrétti að leiðarljósi. Hér er því lagt til að Ísland tileinki sér femíníska utanríkisstefnu (e. feminist foreign policy). Sú stefna verði m.a. unnin í samráði við ungt fólk og samtök sem vinna við málefnasvið utanríkisþjónustunnar.

Alþjóðanefnd LUF telur löngu tímabært að íslensk stjórnvöld fullgildi samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, sem afgreidd var á 108. Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf í júní 2019. Samþykktin felur í sér viðurkenningu á því að ofbeldi og áreitni á vinnustöðum feli í sér mannréttindabrot eða misnotkun. Ofbeldi og áreitni er viðurkennt sem ógn við jafnrétti, það sé óviðunandi og samræmist ekki því sem telst til mannsæmandi vinnu.

Mikilvægt er að stjórnvöld fylgi eftir áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019-2022, sem samþykkt var á Alþingi sumarið 2019. Sérstaklega þarf að huga að aðgerðum sem snúa að því að útrýma því meini sem áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði er. Það má gera, til að mynda, með fræðslu og leiðbeiningum um gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Til að unnt sé að móta og fjármagna viðeigandi stefnur, viðbrögð og þjónustu, skal áhersla lögð á að afla gagna sem greina frá öðrum mikilvægum félagslegum breytum. Sér í lagi er hér átt við mikilvægi þess að tekið sé tillit til jaðarsettra hópa og mismunandi aðstæðna kvenna, einkum þegar hætta er á margþættri mismunun sökum uppruna, aldurs, fötlunar, efnahag, búsetu eða stöðu að öðru leyti. Stefna Íslands innanlands verður að endurspegla fjölbreytileika íslensks samfélags og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem hér um ræðir sem framfylgja skal eða lögfesta. Jafnframt verður utanríkisstefna Íslands að endurspegla grundvallar skuldbindingu Íslands að kynjajafnrétti.

---

[2] Í ályktun SÞ (A/RES/50/81) kemur fram á ensku: „Governments which have not already done so are urged to formulate and adopt an integrated national youth policy as a means of addressing youth-related concerns. This should be done as part of a continuing process of review and assessment of the situation of youth, formulation of across-sectoral national youth programme of action in terms of specific, time-bound objectives and a systematic evaluation of progress achieved and obstacles encountered" (SÞ, 1996, bls. 27).

[3] Sjá rannsókn LUF á stöðu ungmennageirans á Íslandi: https://luf.is/wp-content/uploads/2021/02/Sta%C3%B0a-ungmennageirans.pdf

LUF fagnar forystuhlutverki Íslands í aðgerðarbandalaginu um kynbundið ofbeldi og hlakkar til að vinna áfram náið með íslenskum stjórnvöldum.

Virðingarfyllst f.h. alþjóðanefndar LUF,

Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir
Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði kynjajafnréttis
gender.equality@youth.is

Andrea Gunnarsdóttir
Varaungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði kynjajafnréttis og varaformaður Ungra athafnakvenna